

BYGGINGARLÝSING:

Víðlagafjara 1, Vestmannaeyjum,
 Laxaeldisker og þjónustubygging
 LEN: L235302, mhl. 06
 Lóðin er 99.330,5 m², n=0,04

Gert er ráð fyrir að byggt verði fjögur fiskeldisker með þjónustubyggingu á milli þeirra á lóðinni. Byggingin er í notkunarlökki 1. Byggingin er í umfangsflokki 2.

EFNISGÆÐI:

Allt byggingarefni sem notað er við byggingu hússins skal vera með CE-merkingu og eftir atvikum vottað af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun Íslands, eða sambærilegt.

BURÐARMRKI:

Undirstöður eru staðsteyptar og járnþentur grundaðar á hraunfyllingu. Botnplata er úr járnþentri staðsteyptri steinsteypu. Útveggir og berandi milliveggir eru steinsteyptir. Þak er boríð uppi af stál- og límitrétum og koma 129mm stálklæddar einingar, fylltar með steinullareinangrun, ofan á burðargrindina.

Svignun burðarvirkja:

Byggingin flokkast í svignunarflokk C og eru hámarksformbreytingar samkvæmt því.

KLÆDNINGAR:

Útveggur er staðsteyptir óeinangraðir veggir, yfirborðið er með sléttu áferð og steingrá á litinn.

INNIHURDIR:

Innihurdir eru timburhurdir með timburkórnum með þeim bruna- og hljóðkröfum sem hver og ein þarf að uppfylla.

EINANGRUN:

Útveggir eru ekki einangraðir.

GLUGGAR OG HURDIR:

Vegið meðaltal U-gildis hurða er 2,63 W/m²K. Hámarksgildi samkvæmt bygg.rg. er 3,00 W/m²K

Vegið meðaltal U-gildis útveggja að teknu tilliti til glugga og hurða er 0,33 W/m²K. Hámarksgildi samkvæmt bygg.rg. er 0,85 W/m²K.

Heildarleiðnitalp er 1,44 W/m²K, miðað við gólfatarmál.

KÓLNUNARTÖLUR:

| Byggingarhluti | Útreiknað í W/m ² K | Bygg. reglug. í W/m ² K |
|------------------------|--------------------------------|------------------------------------|
| Þak | 0,30 | 0,20 |
| Steinsteyptur útveggur | 0,31 | 0,40 |
| Gluggar | 1,81 | 2,00 |
| Útihurdir | 2,63 | 3,00 |
| Gólf á fyllingu | 0,29 | 0,30 |

LAGNIR OG LOFTRÆSING:

Fráveita:

Fráveita tengist við fráveitukerfi lóðarinnar, eða eftir atvikum sveitarfélagsins. Lagt er tvöfalt kerfi, annars vegar fyrir skólplagnir og hins vegar fyrir regnvatns og yfirborðsvatns.

Vatnslagnir:

Húsið tengist vatnsveitu á lóðinni og eftir atvikum sveitarfélagsins og er vatnsinntak í tæknirými. Lagnaleiðir eru upp við loft, á eða í veggjum og í lagnastokkum.

Hitakerfi:

Hitaveita er á svæðinu og inntak í tæknirými. Upphitun er með ofnalögnum ásamt hitablaðsrum.

Neysluvatn:

Heitt neysluvatn verður upphitað kalt vatn um varmaskipti þannig að hámarkshitastig vatns fari ekki yfir 60°C. Neysluvatnslagnir eru lagðar eftir lofti, í gólf og á eða í milliveggjum.

Raflagnir:

Heimtaugar lág- og smáspennu eru í tæknirými. Þar verður aðaltafla ásamt tengiskáp ljósleiðara. Orkumælir aðaltöllu, Raftúnaður verður hefðbundin og raflagnir eru lagðar á hefðbundinn hátt í veggjum og í lofti.

Sorphirða:

Sorphirða hússins fer eftir reglugerð sveitarfélagsins þar um.

Loftræsing:

Loftræsing er vélræn eftir því sem við á

BRUNAVARNALÝSING:

Brunavarnarlýsingin á við Laxeldisker og þjónustubyggingu á milli þeirra á lóðinni
 Víðlagafjara 1, Vestmannaeyjum og eru lausnir almennt samkvæmt forskriftarákvæðum í byggingareglugerð nr. 112/2012 með seinni tíma breytingum.
 Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu, utan almenningar brunahönnunar fyrir áfangi 1 af laxaeldisstöðinni.

Flokkun byggingarinnar og notkun

Byggingin er tvær hæðir í notkunarlökki 1. Byggingin er fjögur laxeldisker með þjónustubyggingu á milli þeirra með viðeigandi tæknibúnaði ásamt fylgihlutum þeirra, vegna starfseminnar á lóðinni.

Brunahólfun

Meginbrunahólf: Húsið er eitt meginbrunahólf með E90 veggjum og lofti, spennarými er E90.

Burðarvirki:

Brunamótstaða aðalburðarvirkja er að minnsta kosti REI90, brunamótstaða spennarýmis er REI90. Brunamótstaða burðarvirkis þaks er að minnsta kosti R60.

Klæðningar:

Utanhússklæðningar eru í flokki 1. Innveggir eru steinsteyptir og verða eftir atvikum málaðir. Klæðningar verða samkvæmt ÍST EN13501. Innanhússklæðningar á vegg og loft verða í flokki 1, K₂10B-s1, d0. Gólfefni er óbrennanlegt og uppfylla skilyrði flokks A1 sbr. ÍST EN 13501. Þakklæðning er af flokki B(roof)(t2).

Flóttaleiðir:

Flóttaleiðir frá rýmum eru út um hurðir.

Brunaviðvörðunarkerfi:

Viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi verður í byggingunni, samkvæmt ÍST EN 54 og reglum mannvirkjastofnunar. Brunaviðvörðunarkerfið verður tengt við stjórnstöð og tengt viðurkenndri vaktstöð. Brunaviðvörðunarkerfið verður með hitavir eða öðrum skynjunarbúnaði sem hentar starfseminni. Reykskynjarar eru samtengdir og er miðað við að 1 reykskynjari komi í hvert notkunarými.

Reyklosun:

Ekki er um sérstakar reyklosunarlúgur en reyklosun verður út um opnanlegar hurðir.

Sprengilúga:

Til að taka við sprengibrýstingi vegna spennis er op efst á suðvesturhlíð spennarýmis sem losar um þrýsting sem kann að myndast við sprengingu í spennli, opið er um 3 m² og er lokað með efni sem er að styrkleika um 20% af styrkleika veggjarinnar.

Brunaslöngur/slökkvitæki:

Handslökkvitæki verða sett upp við innganga í rými, Slökkvitækin skulu endanlega valin og staðsett í samráði við viðurkenndan aðila. Slöngukerflin eru 30m með a.m.k. 9m kastleng, staðsetning er samkvæmt grunnmynd, þau skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Slöngukerflin og slökkvitækin skulu merkt á áberandi hátt með til þess gerðum merkjum af viðeigandi gerð og stærð.

Út- og neyðarlýsing:

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í húsinu skv. byggingareglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum, eftir því sem við á. Á flóttaleiðum og við öryggisbúnað brunavarna, þ.e. slönguhjól, handslökkvitæki og handboð, er sett upp viðeigandi neyðarlýsing.

Loftræsikerfi:

Verði loftræsikerfi sett upp verður það hannað þannig að það rýri ekki brunahólfun byggingarinnar eða stuðli að útbreiðslu reyks við bruna

Bil milli húsa:

Fjarlægð frá byggingunni að næsta mannvirki er innan krafna í byggingareglugerð og er hætt á eldsútbreiðslu milli húsa lítil.

Aðkoma slökkviliðs:

Aðkoma slökkviliðsbíla er góð að byggingunni, fjarlægð frá slökkvistöð er um 3 km og er áætlað að slökkvilið sé um 10 mín. á staðinn.

Eftirlit og viðhald brunavarnarkerfa:


Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum byggingarinnar.

Helstu stærðir fyrir Víðlagafjöru 1, Eldisker og þjónustuhús:

| Mhl.05. | Brúttóflötur | Brúttóruðmál | Birt flatarmál |
|---------|------------------------|-------------------------|------------------------|
| Botn | | 7.660,4 m ³ | |
| 1. hæð | 3.986,1 m ² | 42.463,5 m ³ | 3.965,1 m ² |
| Samtals | 3.986,1 m ² | 50.123,9 m ³ | 3.965,1 m ² |

Lóðarstærð er 99.330,5 m² og nýtingarhlutfall 0,04 vegna þessarar byggingar. (Sjá skráningartöllu)

1 Part 12 - Afstaða
 1 : 500



| Útg. | Dags. | Skýring | Br. af. |
|------------------------|--|---------------------|--------------|
| Verkefni: | | | |
| Víðlagafjara 1, | | | |
| Sveitarfélag: | | | |
| Vestmannaeyjar | | | |
| Verkefngund: | | | |
| Fiskeldisker | | | |
| Landnúmer: L235302 | | Staðgreinir: 8000-1 | |
| Afstaða | | | |
| Hannað af: | SSH | Matshúti: | 06 |
| Teiknað af: | ssh | Mælikvarði: | As indicated |
| Yfirfarið af: | Checker | Dagsetning: | Útgáfudagur |
| Samþykkt: | Abyrgðarmaður og réttahafi: Samuel Smári Hreggviðsson, kt. 200752-4659 | | |



Stónu-Sandvík 4, 801 Seðfoss Netfang: husey@husey.is
 Sími: 898-8199 / 482-1738 Heimasilða: www.husey.is

| | | | | | | |
|---------------|-------|--------|--------|----------|-----------|--------|
| 23-934 | - | - | - | A | 11 | Útgáfa |
| Verknúmer | Svæði | Áfangi | Ábyrgð | Númer | Útgáfa | |

HÖNULUR ÁSKULUR SÉR ALLAN RETT A TERNINGUM - TÖLUFOLDIN ER HÁÐ SKRIFLEGS SAMÞYKKT